

## Viðtal, umræðuefni:

### Tónlist

- Hvað áttu marga geisladiska? Hvað með spólur eða plötur?
- Ertu góður dansari?
- Syngur þú vel?
- Geturðu einbeitt þér að öðrum hlutum á meðan þú hlustar á tónlist?
- Kanntu á eitthvað hljóðfæri?
  - Ef svo er, á hvaða hljóðfæri kanntu?
  - Hversu lengi hefurðu spilað á það?
  - Ertu góður á það?
- Kanntu að spila á trommur?
- Kanntu að spila á gítar?
- Kanntu að lesa nótur?
- Hefurðu gaman að tónlistarmyndböndum?
- Hefurðu hlustað á MP3 á tölvunni þinni?
- Áttu dýrar græjur? (MD spilara, gamlan plötuspilara..)
- Þekkirðu hljómsveit sem heitir Radiohead? Ef svo er, finnst þér þeir góðir?
- Hlustarðu á hvaða tónlist sem er?
- Fílarðu íslenskar rokkhljómsveitir?
- Finnst þér sveitatónlist skemmtileg?
- Fílarðu harðar rokkhljómsveitir eins og t.d. Megadeth, Marilyn Manson eða eitthvað slíkt?
- Fílarðu jazz?
- Hefurðu gaman að klassískri tónlist?
- Fílarðu pönktónlist?
- Finnst þér gaman að syngja karaoke?
- Syngur þú í sturtu?
- Heldur þú að uppáhaldstónlistin þín verði eins eftir 20 ár?
- Horfir þú á tónlistarþætti í sjónvarpinu? Ef svo er, hvað horfirðu þá á?
- Kann mamma þín að spila á píanó?
- Hefurðu einhvern tíma farið á tónleika?
  - Hefurðu einhvern tíma farið á rokktónleika?
  - Hefurðu einhvern tíma farið á klassíska tónleika?
- Hvernig lætur tónlist þér líða?
- Hvað eyðirðu miklum tíma í að hlusta á tónlist?

- Hvað hlustarðu oft á tónlist?
- Hvað hlustarðu oft á útvarp?
- Ef þú gætir spilað á eitthvað hljóðfæri, hvað myndi það vera?
- Ef þú gætir stofnað hljómsveit, hvernig tónlist myndirðu spila? Af hverju?
- Ef þú værir lag, hvaða lag værirðu? Af hverju?
- Er lifandi tónlist vinsæl í þínu heimalandi?
- Er einhvers konar tónlist sem þú þolir ekki?
- Á hvaða tónleika hefur þú farið?
- Hvernig heldurðu að heimurinn væri án tónlistar?
- Nefndu eitt af þínum uppáhaldslögum.
  - Af hverju finnst þér það skemmtilegt?
  - Hvenær heyrðirðu það fyrst?
  - Hver syngur það?
- Hvaða lag finnst þér skemmtilegt að syngja?
- Hvernig tónlist notar þú til að hressa þig við?
- Hvernig tónlist hlusta foreldrar þínir yfirleitt á?
- Hvernig tónlist hlustar fólk í þínu heimalandi á?
- Hvaða útvarpsstöðvar hlustar þú yfirleitt á?
- Hvað var síðasti geisladiskur sem þú keyptir þér?
- Hvenær fórstu síðast á tónleika?
- Hvort kýst þú að hlusta á tónlist á þínu tungumáli eða tónlist á ensku?
- Hvað er uppáhaldshljómsveitin þín?
- Hver er uppáhaldssöngvari/söngkonan þín?
- Af hverju skiptir tónlist fólk svona miklu máli?
- Er ímynd hljómsveitar eða tónlistarmanns mikilvægari en tónlistin sjálf?
- Geturðu nefnt dæmi um það að tónlist rói fólk niður eða auki afköst þeirra?
- Ertu ófeimin/ófeiminn við að syngja fyrir framan fólk?
- Af hverju heldur þú að margir telji að óperusöngvarar/söngkonur þurfi að vera feitir/feitar?
- Hefurðu einhvern tíma sótt mp3 skrár á internetinu?